

Skýr afstaða íbúa Flóahrepps til sameiningarmála

Sveitarstjórn Flóahrepps lagði fyrir íbúakönnun samhliða sveitarstjórnarkosningum þann 16. maí síðastliðinn til að kanna hug íbúa til mögulegrar sameiningar sveitarfélaga.

Mjög góð þátttaka var í íbúakönnuninni en 93,7% af þeim sem kusu í sveitarstjórnarkosningum tóku þátt í íbúakönnuninni. Alls bárus 449 svör, þar af voru 432 gild og 17 auð eða ógild.

Niðurstaða íbúakönnunar var afdráttarlaus þegar spurt var hvort skoða ætti sameiningu sveitarfélaga frekar:

Ofangreind niðurstaða gefur skýr skilaboð um að meirihluti íbúa Flóahrepps telur ekki ástæðu til að hefja eða halda áfram umræðu um sameiningu sveitarfélaga að svo stöddu.

Nær þrír af hverjum fjórum svarendum vilja að sveitarfélagið haldi áfram á á þeirri braut sem það hefur verið á og að ekki verði ráðist í frekari sameiningarviðræður.

 **NEI – 71,3% 308 íbúar**

 **JÁ – 28,7% 124 íbúar**



Í könnuninni höfðu svarendur einnig möguleika á að svara hvaða sveitarfélögum eða svæði þeir vildu helst snúa sér til varðandi sameiningu ef til sameiningar kæmi.

Hægt var að velja fyrsta og annað val og var samantekin niðurstaða úr fyrsta og öðru vali eftirfarandi (talan í töflunni sýnir samantekin stig úr fyrsta og öðru vali):

1. Skeiða- og Gnúpverjahreppur
2. Ásahreppur
3. Sveitarfélagið Árborg
4. Uppsveitir Árnessýslu
5. Öll Árnessýsla
6. Vestursvæði Árnessýslu (Árborg, Ölfus og Hveragerði)

Skeiða- og Gnúp.		189
Ásahreppur		171
Árborg		148
Uppsveitir		106
Öll Árnessýsla		104
Vestursvæðið		59

Niðurstöður sýna að íbúar líta helst til næstu nágrennasveitarfélaga: Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Ásahrepps og Sveitarfélagsins Árborg.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur var ekki aðeins efstur í heildarútreikningi heldur einnig algengasti fyrsti kostur svarenda og benda niðurstöður könnunarinnar því til að ef sameiningarmál kæmu til umræðu myndu íbúar fyrst horfa til þess sveitarfélags.

Niðurstaða íbúakönnunarinnar sýna skýrt að meirihluti íbúa Flóahrepps vill ekki fara í sameiningarviðræður að svo stöddu og vilja íbúar áfram að Flóahreppur verði áfram sjálfstætt sveitarfélag. Niðurstöðurnar gefa sveitarstjórn mikilvæga og gagnlega innsýn í viðhorf íbúa og gefa skýra mynd af þeim sveitarfélögum sem helst kæmu til greina ef slíkar umræður yrðu teknar upp síðar.